

Ferðalagið

MIÐVIKUDAGUR 31. JÚLÍ 2019

Kynningar: Innipúkinn, Húsdýragarðurinn í Reykjavík



Ásgeir segir að það verði gaman að sjá hvernig Innipúkinn þróast á nýjum stað en hátíðin er haldin á nýjum stað í ár eftir nokkur góð ár á Húrra og Gauknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Innipúkinn er hrokafullur og dálítið þversagnakenndur

Innipúkinn verður haldinn í Reykjavík um verslunarmannahelgina í 18. sinn. Dagskrá hátíðarinnar er að venju glæsileg og stútfull af hæfileikaríkum listamönnum. Hátíðin færist úr stað og verður haldin úti á Granda í ár, á Messanum, Bryggjunni Brugghúsi og á útsvæði á bryggjunni. ➔2



Innipúkinn leggur áherslu á jafnt kynja-hlutfall meðal listamannanna sem fram koma á hátíðinni.

Framhald af forsiðu →

Undanfarin ár hefur Innipúkinn verið haldinn á skemmtistöðunum Gauknunum og Húrra en mun nú færa sig úr Kvosinni yfir á Grandann þar sem hann fer samtímis fram á Messanum og Bryggjunni Brugghúsi.

„Það verður gaman að sjá hvernig það þróast þegar hátíðin er komin á nýtt svæði með þessar glæsilegu bryggjur sem við ætlum að nýta á skemmtilegan hátt,“ segir Ásgeir Guðmundsson, einn skipuleggjenda Innipúkans.

Ætlunin er að vera með útsvið þar sem verður dagskrá alla helgina samhliða Innipúkanum. Dagskráin á útsviðinu kallast Útipúkinn og er aðgangur að henni ókeypis.

„Útsviðið er glæsilegra núna en það hefur nokkurn tímann verið, sem er tiltölulega þversagnakennt. En alveg frá því við tókum við Innipúkanum hefur hann verið dálítið þversagnakenndur og hrokafullur. Að vera innipúki með útsvið. Þetta er í raun algert bull,“ segir Ásgeir og hlær.

Aðaldagskráin er þó innan dyra í samræmi við nafn hátíðarinnar. Á meðal listamanna sem koma fram á Innipúkanum eru Auður, Daði Freyr, Hildur, Between Mountains, Vök, dj, flugvél og geimskip, Frikki Dór, Joey Christ, Moses Hightower, Kælan mikla, Jónas Sig og sjálfur Bjartmar Guðlaugsson.

Að venju verður einnig boðið upp á gamalreynnda púka-dagskrárlíði eins og árlegan lista- og fatamarkað.

Reykjavík er skemmtileg

„Hátíðin sem slík er náttúrulega stofnuð til höfuðs útihátíðum. Til að bjóða Reykvikungum og þeim, sem taka þá skynsamlegu ákvörðun að vera í Reykjavík um verslunarmannahelgina, upp á gott parti. Reykjavík er svo skemmtileg þessa helgi þegar allir ákveða að fara í útilegu. Þá er borgin tiltölulega róleg en svo er brjáláð parti hjá okkur,“ segir Ásgeir.

Hann segir að Innipúkinn sé eina tónlistarhátíðin sem fari fram þessa verslunarmannahelgi. „Við viljum meina að útihátíðir séu ekki tónlistarhátíðir. Þannig að það er langskynsamlegast að vera í Reykjavík um helgina, fara á Inni-



Frá Innipúkanum 2018. Listamennirnir í ár verða engu síðri.

púkann og sofa svo í eigin rúmi. Eða allavega einhverju rúmi.“

Ásgeir segir að Innipúkar hvetji fólk til að endurskoða það aðeins að verslunarmannahelgin sé einhvers konar ferðahelgi.

„Þetta er einmitt sú helgi sem þú átt að vera í Reykjavík og leyfa öðrum að fylla tjaldstæðin á einhverjum tryllingshátíðum. Þú átt að vera með okkur í kúltúrnum í Reykjavík. Við bjóðum upp á flennidagskrá, bæði á föstudag, laugardag og sunnudag.“

A Útipúkanum sem haldinn er í

samstarfi við Red Bull á Íslandi eru einungis kvenlistamenn. Ásgeir segir að upphaflega hafi það verið tilviljun. „Við og Einar

hjá Red Bull vorum komnir langt með að bóka dagskrána þegar það kom í ljós að þar var enginn strákur, allavega ekki sis strákur. Okkur fannst bara videigandi að halda því þannig, og sýna fram á að það er sko ekkert mál að skipuleggja heilu tónlistarhátíðirnar og heilu sviðin úti um allt með einungis kvenlistamönnum.“

Ásgeir segir að þau hjá Innipúk-

anum gefi lítið fyrir þau svör sem talsmenn flestra útihátíða landsins hafa gefið undanfarin ár, þegar ítrekað er tilkynnt mjög karllæg dagskrá og jafnvel dagskrá þar sem eru einungis karllistamenn, að erfitt sé að finna nógu marga kvenlistamenn.

„Við höfum undanfarin ár, frá því við tókum við Innipúkanum, verið með svo gott sem jafnt hlutfall kven- og karllistamanna. Við sýnum núna fram á það að í þriggja daga dagskrá, þar sem hæfir og góðir listamenn eru valdir í hvert slott, er ekkert mál að fylla heilt svið eingöngu með konum.“

Ásgeir segir að lokum að það sé hörd stefna Innipúkans að vera leiðandi afl þegar kemur að því að skipuleggja viðburði og skemmtanir um verslunarmannahelgina. „Við ætlum að vera fyrirmynd en ekki eftirbátar.“ Hann bætir við að undanfarin ár hafi selst upp á Innipúkanum og því um að gera að tryggja sér miða í tíma.

Það er langskynsamlegast að vera í Reykjavík um helgina, fara á Innipúkanum og sofa svo í eigin rúmi.

Tónleikadagskrá Innipúkans:

Föstudagur

Between Mountains
Friðrik Dór
Jónas Sig
Kælan mikla
Valdimar
Joey Christ

Laugardagur

Blóðmör
Dj flugvél & geimskip
Hildur
Matthildur
Moses Hightower
Vök

Sunnudagur

Auður
Bjartmar Guðlaugsson
Daði Freyr
Sprite Zero Klan
Sturla Atlas
Una Schram

Dagskrá Útipúkans

BRÍET (live)
GDRN (live)
SVALA (live)
DJ aggalá
DJ Battlestar
Dj Katla
Dj Motherfunker
Dj Mokki
Dj Vala
JFDR (DJ-set)
SAKANA (DJ-set)
Sólveig Matthildur (DJ-set)
Dj Sunna Ben
Vök (DJ-set)
Póra Sayaka (DJ-set)



Tilbúin í ferðalag?



**Í Fjallakofanum færðu allt sem þarf,
hvort sem það er í lengri eða skemmri gönguferðir.**

Scarpa gönguskór ✓ Gregory bakpoki ✓ Marmot göngubuxur og flíspeysa ✓ Arc'teryx hlífðarjakkji
Lifesystems hitateppi og sjúkrataska ✓ Laken vatnsflaska ✓ Patagonia derhúfa



Allt leyfilegt á Þjóðhátíð

Viktoría Sól Birgisdóttir, grafiskur miðlari hjá NTC, er á leið á Þjóðhátíð í Eyjum í þriðja skiptið. Hún er algjörlega með puttann á púlsinum þegar kemur að tísku enda starfar hún í þeim heimi.



Eitt kort
34 vötn
7.900 kr

VEIÐIKORTIÐ
2019

Frelsi til að veiða!

VEIÐIKORTIÐ
2019

00000

VEIÐIKORTIÐ
2019

www.veidikortid.is

ÞETTA ER BYRJAD!



Viktoría Sól í flottu dressi sem sómir sér vel í sumar en þó varla í útilegu.




Fjólubláa hettupeysan sem er vinsæl um þessar mundir og hentar vel á Þjóðhátíð.



Dr. Martens skórnir sem eru það heitasta núna. Viktoría er búin að kaupa par til að nota á Þjóðhátíð.

Morgundagurinn verður betri með After Party
Náttúruleg lausn við timburmönnum



NEW NORDIC

After Party™

Alcohol metabolism

Rose apple, amino acids, vitamins and minerals

Food supplement • 20 tablets

MANUFACTURED IN SWEDEN

Vitamin B6 helps normal cysteine synthesis which contributes to offset the toxic effects of alcohol

natural herbal ingredient

Net weight 21g. Best before end see base of pack

Aminósýrur, Rósepli, Cactus extract, öflug blanda af B-vítamínum og Magnesium.

Virkar vel gegn þynnku

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir svefn

Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana

www.artasan.is

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Viktoría segir Þjóðhátíð magnaða upplifun og þegar maður hafi farið einu sinni verði ekki aftur snúið. „Mann langar aftur og aftur,“ segir hún. Það var ekki úr vegi að spyrja Viktoríu hvort einhverju máli skipti hvernig ungt fólk er klætt í Dalnum. Hún segist vera með tísku á heilanum og hafa ákveðnar skoðanir á henni. „Þegar horft er til tiskuklæðnaðar á Íslandi þarf að hugsa um veðrið líka. Veðurspáin er góð og þá er svo sem allt leyfilegt á Þjóðhátíð. Töff klæðnaður í mínum huga eru Dr. Martens skór, þeir eru gríðarlega vinsælir um þessar mundir, sérstaklega nýjasta týpan sem heitir Jadon Boot. Ég var að fjárfesta í pari til að nota á Þjóðhátíð,“ segir hún. Sjálf er ég hrifin af því að klæðast hettupeysu og leður- eða gallajakka í stað þykkar dúnúlpur. Svo er ég með stóran trefil,“ segir Viktoría. Þegar hún er spurð hvort þetta sé ekki listamannastíll, svarar hún því játandi. „Ég er samt ekki nein svakaleg listamannatýpa.“

Viktoría bætir við að ljósar gallabuxur og hvítir strigaskór séu mjög vinsæll fatnaður í sumar. „Ég myndi samt ekki vilja fara á hvítum skóm í Herjólfssdal. Síðan er það hvítur sturtermabolur og hettupeysan. Beislitur og fjólublátt eru heitustu litirnir í sumar. Á Þjóðhátíð er fólk í litríkum fatnaði og það leyfir sér að klæðast skrautlega. Poppa aðeins upp þetta gráa. Reyndar er litasmekkur minn mjög náttúrulegur, beis og hvítt þótt rautt fái að fljóta með stundum. Rautt passar vel við svart og hvítt. Ég er rosalega heit fyrir „síðum“ gallastuttbuxum og það er klárlega lúkkid sem verður fyrir valinu á Þjóðhátíð ef veður leyfir. Hægt er að dressa þær við T-shirt, sneakers og töff sólgler-



Viktoría er hrifin af rauðu og segir að sá litur passi vel með svörtu og hvítu.



Haust 2019. Nú eru kápur að komast aftur í tísku á kostnað úlpanna.

augu. Svo er nauðsynlegt að hafa mittistösku til að geyma símann og fleira.“

Viktoría bendir á að ef kólnar á kvöldin í útilegunni sé æðislegt að vera með stóran trefil sem hægt sé að vefja utan um sig. „Mér er alltaf kalt á höndunum og nota því fingravettlinga frá 66° Norður, þeir eru hlýir og léttir.“

Kjólur hafa verið mikið í tísku í sumar og Viktoría segir að margir horfi til Skandinavíu þegar þeir leita að rétta stílunum. „Það er smart að dressa upp kjólinn með falgri ullarpeysu og vera í strigaskóm. Haustið verður mjög spennandi, beislitur og hvítur verða áfram. Kápur og frakkar eru að koma sterkt inn í vetur og úlpur eru smá á undanhaldi, þær eru samt alltaf praktískar,“ segir Viktoría.



Unnið hefur verið að endurbótum á kastalavæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við erum búin að bæta töluvert við nýjungarnar, það allra nýjasta eru klessubílar sem voru teknir í gagnið um helgina. Þeir eru stórskemmtilegir. Svo eru nýlegir bátar á tjörninni og við erum búin að endurgera kastalavæðið og svæðið í kringum grillin. Þetta er búið að taka tíma en það margborgar sig. Gardurinn er orðinn mjög flottur.

Fyrir utan það segir Unnur að í garðinum hafi verið bætt við fullt af nýjum, gjaldfrjálsum tækjum. Til dæmis er hægt að spila minnisleik og dansleik sem snýst um stærðfræðikunnáttu, „og alls konar tæki sem er hægt að dunda sér í“.

Karma Brigade, Blódmör og Kristín Sesselja

Næstkomandi sunnudag um verslunarmannahelgina verða haldnir tónleikar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Þar koma fram hljómsveitirnar Karma Brigade, Blódmör og tónlistarkonan Kristín Sesselja. Tónleikarnir hefjast klukkan fjögur og þeim lýkur þegar garðinum er lokað klukkan sex um kvöldið.

Karma Brigade samanstendur af hópi ungra stráka og stelpna sem hafa spilað víða um land í sumar. Þau hafa helst unnið sér til frægðar að sigra í jóllagakeppni Rásar 2 árið 2016. Karma Brigade vann vinsældakosningu Músiktilrauna 2018 og 2019 og fékk því titilinn hljómsveit fólksins. Sérstakur gestur hljómsveitarinnar á tónleikunum verður Bjóssi sax sem flestir ættu að kannast við.

Einnig mun hljómsveitin Blódmör spila sem sigraði í Músiktilraunum núna síðast. Blódmör spilar hávært, hratt þungarokk og pönktónlist. Hljómsveitin var stofnuð árið 2016 og byrjaði að koma fram á tónleikum í fyrra. Blódmör hefur vakið athygli síðustu misseri eftir sigurinn í Músiktilraunum.

Tónlistarkonan Kristín Sesselja, sem er 19 ára, hefur spilað í ýmsum keppnum og hátíðum síðan hún var 13 ára. Mesta athygli vakti hún þegar hún var 16 ára og fékk gullhnappinn í Ísland Got Talent. Kristín Sesselja hefur gefið út EP-plötuna Freckles ásamt nokkrum lögum sem hafa sum fengið í kringum 45.000 spilanir. Kristín Sesselja semur öll lögin sín sjálf sem eru oftast popplög.

Útihátidarstemming í bænum

„Okkur langar að nota garðinn sem vettvangur fyrir ungar og upprennandi hljómsveitir,“ segir

Ný tæki vígð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn hefur í sumar vígt nýja klessubíla, báta og kastalavæði. Unnið hefur verið að endurbótum í töluverðan tíma að sögn Unnar Sigurþórsdóttur, verkefnastjóra fræðsludeildarinnar.



Það eru mörg gjaldfrjáls leiktæki í boði í garðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Nýir klessubílar voru teknir í gagnið um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Það er auðvelt að gleyma sér hjá selunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Unnur. Í sumar komu tónlistarhópar Hins hússins og spiluðu á tónleikum í garðinum. „Þau komu hingað í þriggja og skemmtu gestum. Okkur finnst ungar og upprennandi hljómsveitir eiga heima í fjölskyldugarði, ef einhvers staðar.“ Unnur vonast til að Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn haldi áfram að vera sýningarvettvangur fyrir ungt tónlistarfólk. „Vonandi verður framhald á þessu og að þetta sé komið til að vera.“

Fyrir þá sem ætla að eyða verslunarmannahelginu á höfuðborgarsvæðinu eru tónleikarnir kjörið tækifæri til að næla sér samt í útihátidarstemminguna. Veitingasala Húsdýragarðsins verður opin, bæði sjoppa og kaffihúsið. „Svo eru útigrill þannig að fólk getur komið með mat að heiman og það eru nestisborð úti um allan garð. Það má því ekki síður hvetja fólk til að koma með pikkni-körfur.“

Selirnir alltaf vinsælastir

Dýragarðshluti garðsins er svo að sjálfsgöðu opin allan ársins hring. „Þar erum við með dagskrá í kringum dýrin, ýmist í kringum hin og þessi verk eða gjafir. Í dýragarðshlutanum er upplagt að fræða gesti sem mæta í gjafirnar. Vonandi fara allir heim með einhvern fróðleiksmola í farteskinu.“ Unnur segir að selirnir séu alltaf vinsælastir og þar er hægt að gleyma sér um stund, sérstaklega þegar þeim er gefið að éta. „Selunum er gefið klukkan ellefu fyrir hádegi og seinnipartinn klukkan fjögur. Það er alltaf vinsælast að horfa á það.“

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn verður opin allan verslunarmannahelgina frá tíu að morgni til sex að kvöldi. Til að fylgjast með viðburðum og dagskrá er hægt að skoða heimasíðuna, mu.is, eða fylgjast með garðinum á Facebook. Unnur segir að starfsfólk sé virkt á síðunum og setji reglulega inn myndir og tíðindi.

Fyrsta flokks nesti fyrir helgina

Íris Blöndahl er matgæðingur og bloggari hjá Gulur, rauður, grænn og salt. Hún elskar að borða góðan mat sem er hollur og góður fyrir kroppinn.

Ásta Eir
Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is



Íris deilir hér nokkrum skemmtilegum og heilsusamlegum uppskriftum sem henta vel í nestisboxið fyrir komandi verslunarmannahelgi, en áhugi hennar á að útbúa skemmtilegt nesti kviknaði þegar hún vann sem flugfreyja. Margir mikla það fyrir sér að borða hollt á ferðalögum en ef maður er búinn að undirbúa sig verður það svo margfalt auðveldara og skemmtilegra.

Uppskriftirnar eru einfaldar og góðar fyrir líkama og sál og því ættu allir að geta útbúið þetta heima og tekið með í ferðalagið eða notið heima.



Pastasalat

fyrir 8

- 1 kg pastaskrúfur
- 2 krukur fetaostur
- Olia úr annarri fetaostskrukku
- 2 krukur pestó
- 1 piparostur
- 2 Mexíkóostar
- 1 brokkolíhaus
- 2 paprikur
- 1 dós Philadelphia rjómaostur
- 180 g pepperoni

Sjóðið pasta með 1 msk. af olíu og skerið á meðan osta, brokkolí, papriku og pepperoni í litla bita. Þegar pastað er full soðið er það kælt. Byrjið á að setja niðurskorin hráefni út í og hrærið saman og setjið svo fetaost, pestó og rjómaost og hrærið vel saman. Pastað geymist vel og því auðveldlega hægt að undirbúa það heima og eiga.



Bananapönnukökur

4 stk. – fyrir einn

- ½ banani
- 1 dl haframjöl
- 1 egg
- 1 tsk. kanill

Stappið banana og hrærið öllum innihaldsefnum saman. Hitið pönnu með örlítið af olíu á og um leið og hún er orðin heit er hægt að hella deiginu á hana í 4 máttulega hringi. Eftir 2-3 mínútur má snúa þeim við og steikja á hinn hliðinni. Þegar þessu er lokið eru þær tilbúnar. Ef það á að taka þær með í ferðalag er best að leyfa þeim að kólna og setja þær svo í poka eða box. Þær er svo hægt að smyrja með öllu mögulegu, en ég fæ mér þær yfirleitt með osti og smjöri.



Sykurlausar döðlukúlur

Sirka 15 stykki

- 3 dl saxaðar döðlur frá Himneskri hollustu
- 1 dl vatn
- ½ tsk. vanilludropar
- 1 msk. hnetusmjör
- 1 dl haframjöl
- 1 dl kókosmjöl
- 1 dl pekanhnetur
- 2 tsk. Turkisk Peber duft

Döðlur og vatn soðið saman í potti en döðlurnar þurfa helst að vera mjúkar og því vel ég frá Himneskri hollustu. Hrært stöðugt í þessu með gaffli og hann notaður til að stappa þessu aðeins saman. Þegar döðlurnar og vatnið er orðið klisturslegt eins og karamella er það tekið af hellunni. Pekanhnetur eru skornar niður í hæfilega stóra bita og öllu blandað saman ofan í pott-



Samkvæmt Írisi geta allir gert hollt og gott nesti.

inn með döðlunum og vatninu. Þessu er hrært vel saman þar til allt er orðið vel blandað. Rúllið í höndunum sirka 15 kúlur og veltið þeim upp úr kakó eða kókosmjöli, eftir smekk. Kúlurnar geymast vel á ferðalagi og þurfa ekki að vera í kæli.

Pólar HESTAR

Hestaferðir



Við bjóðum upp á stuttar hestaferðir alla daga sem henta knöpum á öllum aldri og með mismunandi reynslu. Kaffi og kökur fylgja í lok hverrar ferðar.


www.polarhestar.is

Vinsamlegast bókið með fyrirvara: 89 6 1879

Pólar Hestar – Grýtubakki II – 601 Akureyri

Upplagt að líta við á Grenivík í leiðinni:

www.grenivik.is



VINIR
AKUREYRAR



2018 ICELAND
SUMMER
GAMES

Akureyri.bike

Ein með öllu & Íslensku sumarleikarnir 2019

Herra Hnetusmjör

Friðrik Dór

Jónas Sig

KÁ/AKÁ

Anton Líni

Stefán Elí

Flammeus

Óskalagátónleikar

Gréta Salóme

Svala Björgvins

Skógardagurinn í Kjarnaskógi

Þyrluflug fyrir alla

Hamrabandið

Ingó Veðurguð

Hæfileikakeppni unga fólksins

Réttstöðulyftumót

Flennibraut

Flóni

Mömmur og Möffins

Markaðstorg

Leikhópurinn Lotta

Barnaskemmtun

Tívolí, vatnaboltar, klessuboltar,

Rafhjól upp kirkjutröppurnar

Hjólaversló Akureyri.bike



Sigyn Blöndal

Einar Mikael

Hvanndalsbræður

Tumi og Gaui

Stefán Haukur

Rán Ringsted

Húlludúllan og Sirkusvísindin

Birkir Blær

Spiceman

Andlitsmálun

Ouse/Elijah

Soffía Ósk

Rúnar Eff

Katrín Birna

Gutti & Selma

Killer Queen

Flugeldasýning

og svo margt margt fleira



ÞAÐ VERÐUR RAUTT ÞEMA Á AKUREYRI UM VERSLÓ #RAUTTAK

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: WWW.EINMEDOLLU.IS

GLERÁRTORG
-of life & art-

Akureyrarbær

pepsi

DAGSKRÁIN

MAX

Lenox

VIÐBURÐASTOFA
NORÐURLANDS

Egils
Frisell

Floridana
LIVIN VIL

A&S

stefna
flugtúndarás

HS
KERFI

SPORTVER

ORUM



Það er alltaf mikið stuð á Akureyri um verslunarmannahelgina.

Ein með öllu á Akureyri

Það verður þéttskipuð og fjölbreytt dagskrá alla helgina á Akureyri þar sem hátíðin Ein með öllu fer fram. Eitthvað verður í boði fyrir alla aldurshópa, tónleikar, dansleikir, íþróttaviðburðir, tívoli, hoppukastalar og fleira.

Á föstudagskvöldið koma fram norðlenskir tónlistarmenn sem sýna gestum hvað þeir hafa fram að færa, meðal annars Birkir Blær, Rán Ringsted, Stefán Elí, KÁ/ÁKÁ, Andon Líni, Rebekka Hvönn og Spiceman. Tónleikarnir verða í miðbænum og er nánar hægt að skoða dagskrána á einmedollu.is.

Á laugardag verður barnskemmtun þar sem Sigyn Blöndal verður með stórhættulega spurningakeppni. Einar Mikael töframaður lætur líka sjá sig og sirkusfólk. Glerártorg ætlar að bjóða öllum sem vilja að spreyta sig á leikjum eins og París, húlla með húllahringjum, sippa, fara í snú-snú, myllu og jöfnuspil. Risa skákbörð og hoppukastalar verða líka í boði.

Tónlistin mun hljóma á Glerártorgi þar sem Svala Björgvins og fleiri koma fram klukkan 15.30 til 17. Á laugardagskvöldið heldur músikin áfram en þá kemur Svala aftur fram, Rúnar Eff, ClubDub og fleiri. Á Græna hattinum leikur og syngur Jónas Sig af sinni alkunnu snilld. Fjórið heldur áfram á sunnudeginum með ýmsum uppákomum.



Það verður mikið fjör á Siglufirði um helgina á Síldarævintýrinu.

Nýtt ævintýri á Siglufirði

Heimamenn á Siglufirði hafa ákveðið að blása lífi að nýju í Síldarævintýrið á Sigló. Hátíðin verður endurvakin um verslunarmannahelgina. Engin hátíð hefur verið haldin undanfarið tvö ár. Þjónustuaðilar og áhugafólk um menningu og mannlíf á Siglufirði standa að hátíðinni sem verður fyrir alla fjölskylduna. Dagskrá hátíðarinnar verður sett saman af fjölmörgum smærri viðburðum í stað fjölmennra stærri viðburða og ræður þar nokkra það litla fjármagn sem úr er að spila. Ekki verður stórt svið í miðbænum heldur er hugmyndin að hafa 2-3 lítil útisvið þar sem listamenn troða upp og svo verður fjöldi viðburða á veitingastöðum, söfnum, setrum og vinnustofum listamanna. Einnig verður fjölbreytt afþreying fyrir börnin.

Hægt er að kynna sér dagskrána á fésbókarsíðu hátíðarinnar en margt skemmtilegt er að gerast á Siglufirði um helgina. Hátíðin byrjar á morgun og verður götugrill um allan bæ klukkan 18. Á laugardaginn á milli 13-14 verður síldarsöltun og bryggjuball við Róaldsbrakka. Um kvöldið koma Herra Hnetusmjör og DJ Egill Spegill fram á Kaffi Rauðku.

Margt um að vera á Flúðum

Bæjar- og fjölskylduhátíð verður á Flúðum um helgina. Hátíðin er haldin í fimmta sinn og margt skemmtilegt í boði fyrir alla fjölskylduna. Best er að hafa samband við Tjaldmiðstöðina á Flúðum til að tryggja sér aðstöðu. Tjaldsvæðið hefur verið stækkað. Það verður mikið um að vera á föstudagskvöldið því þá kemur hljómsveit Pálma Gunnarssonar og fer yfir feril Pálma í félagsheimilinu. Á eftir koma fram



Það er ávallt margt um manninn á Flúðum um verslunarmannahelgina.

Hildur, Briet og Aron Can. Á laugardaginn verða sprellleiktæki í boði fyrir krakkana og markaðir í Lækjargarði. Traktorfareran sívinsæla verður í Torfdal og um kvöldið kemur fram Eypór Ingi ásamt hljómsveit og leikur alla bestu rokkslagara sjöunda og áttunda áratugarins í félagsheimilinu. Að þeim loknum verður stórdansleikur með Hreimi og Made in Sveitin. Fjórið heldur áfram á sunnudeginum.

Ævintýra Jeppar

Tivoli - 4x4
DLX, sjálfskiptur: 4.290.000 kr.

Nýr Rexton - 4x4
LX, beinskiptur: 6.990.000

Korando - 4x4
DLX, sjálfskiptur: 4.990.000 kr.

A hvaða leið est þú?

Leið - A

Sumarafsláttur:

- + 300.000 kr. afsláttur af verði bílsins

Sumarafsláttur eða ferðapakki fylgja!*

Haltu á vit ævintýrana, við eigum rétta bílinn til þess; fjórhjóladrifinn og sparneyttinn sportjeppa frá SsangYong. Nægt rými og drif fyrir allt og alla.

Komdu og landaðu góðum samningi með söluráðgjöfum okkar; þeir bjóða þér uppá spennandi leiðir.

Leið - B

Ferðapakki:

- + Weber Q ferðagrill
- + 29 lítra kælibox, 12v
- + Tjald, Helsport Gimle, fyrir 4
- + 4 svefnpokar, Marmot Trestles 30 Elite
- + 100.000 kr. eldsneytiskort

4x4

Fimm ára ábyrgð

Sumar ævintýri 2019

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. *Sumartilboðið Ævintýra Jeppar, gildir út júlí 2019.

benni.is

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bilabúð Benna
Sérfræðingar í bílum